



Fréttir úr skóla- og frístundastarfi



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

SKÓLA- OG FRÍSTUNDASTARF Í SÓKN

Frábær árangur forvarnarstarfs og síminnkandi einelti.

[Sjá meira](#)

NÆRINGARRÍKAR SKÓLAMÁLTÍÐIR

Til stendur að skipta skólamötuneytum borgarinnar upp í sex um-sýsluhverfi til að auðvelda samræmd og markvissari hráefniskaup.

[Sjá meira](#)

LÆRT Á TVEIMUR TUNGUMÁLUM

Spjaldtölvur bjóða upp á ýmsa möguleika til að koma til móts við tvítyngda nemendur. [Sjá meira](#)

NÝTT FRÍSTUNDAHEIMILI Í LAUGARDAL

Frá áramótum verður starfrækt nýtt frístundaheimili fyrir 90 börn í 3. og 4. bekk í Laugarnesskóla og Langholtsskóla. [Sjá meira](#)

ÚTIKENNSLUAPP FYRIR VETTVANGSNÁM

Með nýju smáforriti má sækja upplýsingar um náttúru og markverða staði fyrir börn á öllum aldri. [Sjá meira](#)

LESID Í LEIK— NÝ LÆSISSTEFNA FYRIR LEIKSKÓLA

Leikskólastarfsfólk getur nú stuðst við nýja læsisstefnu til að gera áætlun um læsi í fagstarfinu. [Sjá meira](#)

VINSAMLEGT SAMFÉLAG ÁN EINELTIS

Með samstilltu átaki er hægt að skapa vinsamlegt samfélag án eineltis. [Sjá meira](#)

VENDIKENNSLA—NÝ HUGSUN Í NÁMI OG KENNSLU

Salman Khan hóf fyrir nokkrum árum að útbúa kennslumyndskleið fyrir ungt frændfólk sitt. Aðferðarfræðin hefur gefið góða raun. [Sjá meira](#)

UNGLINGAR OG SAMSKIPTAMIÐLAR

Nýjar reglur og leiðbeiningar um ábyrga notkun samskiptamiðla í starfi félagsmiðstöðvanna. [Sjá meira](#)

BIOPHILIA FÆR BYR UNDIR BÁÐA VÆNGI

Tónvísindaverkefnið Biophilia opnar nýjar leiðir í sköpun og samþættu námi. Það verður eitt af formennskuverkefnum Íslands í norrænu samstarfi. [Sjá meira](#)

ÍSLENSKUVERÐLAUN UNGA FÓLKSINS


Íslenskuverðlaunin verða veitt á Degi íslenskrar tungu 16. nóvember. [Sjá meira](#)

SAMÞÆTTING OG SAMSTARF Á NÝJU SVIÐI

Fjölbreytt samstarfsverkefni hafa orðið til með sameiginlegri stefnu-mótun leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva. [Sjá meira](#)

MINNA SKUTL—MEIRI SAMFELLA

Frístundaakstur í samstarfi við íþróttafélögin í borginni hefur marga góða hluti í för með sér. [Sjá meira](#)



SKÓLA OG FRÍSTUNDASTARF Í SÓKN

Á skóla- og frístundasviði Reykjavíkur skiptir velferð barna og ungmenna okkur höfuðmáli.

Við erum stolt af því að ánægja foreldra með leikskóla, grunnskóla og frístundastarf hefur vaxið stöðugt síðustu misserin en við viljum líka bæta okkur í þeim þáttum starfsins sem foreldrar benda á að betur gætu farið.

Við erum stolt af því að skóla- og frístundasvið komi best út allra fag-sviða borgarinnar í starfsánægjukönnun ársins og skiptir þar mestu hversu mikilvægir þættir eins og virðing, markmið, frumkvæði, stolt, sveigjanleiki, metnaður og stjórnun mælast hátt meðal starfsfólks. Þetta er okkur mjög dýrmætt.

Við erum líka stolt af því að framfarir nemenda í Reykjavík eru stöðugar og góðar og við erum að ná góðum árangri í öllum þáttum skólastarfs. Síðast en ekki síst vinna leikskólar, grunnskólar og frístundamiðstöðvar ávallt eftir því leiðarljósi að öll börn búi við jöfn tækifæri til menntunar og þroska og því viljum við mæta þörfum hvers og eins barns, óháð atgervi þess og stöðu. Þar getum við alltaf gert betur og viljum gera enn betur.

Áfram reykvískir unglingar!

Reykvískir unglingar eru meðvitaðir um heilbrigðan lífsstíl. Metnaðarfullt forvarnarstarf borgarinnar hefur skilað ótrúlega góðum árangri og neysla áfengis og vímuefna og reykingar hafa minnkað með hverju ári. Síðast en ekki síst sýna árlegar mælingar að kvíði, vanlíðan og einelti hefur minnkað og yfirgnæfandi meirihluti foreldra telur að börnum þeirra líði vel í leikskólanum, grunnskólanum og frístundaheimilinu sínu. Ég hvet alla sem vinna með börnum og unglingum að standa vörð um menntun þeirra og velferð, það er okkar skylda.

UMHYGGJA OG FAGMENNSKA

Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar ber ábyrgð á stefnumótun og eftirliti með öllu starfi skóla- og frístundasviðs (SFS). Með sameiningu menntasviðs, leikskólasviðs og frístundahluta ÍTR varð til þetta nýja svið sem leggur áherslu á samstarf þeirra sem koma að uppeldi og námi barna og unglunga. Við hvetjum til samstarfs- og þróunarverkefna, leggjum áherslu á læsi allt frá fyrstu árum leikskólabarnsins, fjölbreytta kennsluhætti og tækifæri frístundastarfsins fyrir félagsþroska barna og unglunga.

Skólarnir okkar eru lifandi samfélag og hjartað í hverju hverfi.

Leikskólar, grunnskólar, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar,

skólahljómsveitir og listaskólar eru ekki bara undirbúningur fyrir

lífið - heldur lífið sjálft. Lýðræðisleg vinnubrögð og virðing fyrir margbreytileika eru mikilvæg gildi sem börn, foreldrar og starfsfólk skapa í sameiningu, aldrei hvert í sínu lagi.

Umhyggja, fagmennska og gæði eru rauður þráður í öllu starfi skóla og frístundamiðstöðva og niðurstöður kannana tala sínu máli um metnað starfsfólks.

Ég vona að þetta fréttabréf SFS bregði birtu á fjölbreytilegt og metnaðarfullt starf skóla- og frístundasviðs. Ég vona líka að eftir lesturinn skíni í gegn sú virkni, gleði og skapandi hugsun sem býr í börnum og ungmennum í Reykjavík. Hún er okkur innblástur á hverjum degi.



Ragnar Þorsteinsson,
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs



Oddný Sturludóttir,
formaður skóla- og frístundaráðs

Í skóla- og frístundaráði sitja Oddný Sturludóttir, Eva Einarsdóttir, Hilmar Sigurðsson, Líf Magneudóttir, Kjartan Magnússon, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir og Ragnar Hansson.



NÆRINGARRÍKAR SKÓLAMÁLTÍÐIR

Til stendur að skipta skólamötu-neytum borgarinnar upp í sex umsýsluhverfi til að auðvelda yfirmönnum þeirra samræmd og markvissari hráefniskaup.

Nýtt tölvukerfi verður innleitt í mótuneytum leik- og grunnskólanna til að halda utan um hráefniskaup, matseðla og verð. Sérhvert skólamötuneyti mun þó áfram matreiða alla rétti að sínum hætti og halda sínum sérkennum.

Kerfið býður upp á betra gæða- eftirlit og útreikninga á næringar- samsetningu máltíða samkvæmt leiðbeiningum Landlæknis- embættisins. Meðal annars stendur til að safna saman þeim uppskriftum sem börnin eru ánægðust með og aðlaga þær að ráðleggingum um næringarsam- setningu. Jafnframt er stefnt að því að bæta upplýsingamiðlun til foreldra um samsetningu skóla- máltíðanna og matseðla mötu- neytanna.

Níu af hverjum tíu nemendum í grunnskólum borgarinnar eru í mataráskrift, eða rúmlega 12.000 börn, og um 7.000 börn fá daglega heita máltíð í mótuneytum leikskólanna



SPJALDTÖLVUM Í SKÓLASTARFI FYLGIR ÁKVEÐINN FERSKLEIKI OG GERJUN.

ÞÆR SAMRÆMAST VEL ÁHERSLUM NÝRRAR AÐALNÁM- SKRÁR.

SPJALDTÖLVAN ER ENGIN TÖFRALAUSN EN VEITIR MÖRGUM NEMENDUM NÝ TÆKI- FÆRI.

LÆRT Á TVEIMUR TUNGUMÁLUM

*Spjaldtölvur bjóða upp á ýmsa möguleika til að koma til móts við tvítýngda nemendur. Þær hafa sannað gildi sitt í fjölmennings- verkefnum **Okkar mál í Fella- hverfi.***

Þessi nýju námstæki styðja vel við skapandi skólastarf, mál og læsi, ekki síst í kennslu barna af erlendum uppruna, en í Fella- hverfi á meira en helmingur skólabarna annað móðurmál en íslensku.

Í leikskólunum hafa spjald- tölvurnar m.a. verið notaðar í hópastarfi, sérkennslu og sögu- stundum. Leikskólakennarar hafa skoðað ýmis smáforrit og valið úr efni sem fellur að faglegum áherslum skólanna.

Sem dæmi má nefna að þegar heimsókn var fyrirhuguð í tón- listarhúsið Hörpu síðastliðið vor útbjó sérkennslustjóri í leik- skólanum Holti málörvunarefni um hljóðfæri og tónlist fyrir öll börnin. Jafnframt fengu börnin að semja tónlist og spila á ýmis

hljóðfæri í spjaldtölvunum.

Flæði milli skólastiga

Í *Okkar máli* er lögð áhersla á flæði milli skólastiga. Því var byggt ofan á spjaldtölvuvinnu leikskólanna hjá nemendum í 1. bekk. Með því skapast samfella í náminu.

Sérkennarar og proskapjálfar koma einnig að spjaldtölvuverk- efnum, m.a. í 2. bekk í Fellaskóla. Þar hittir kennsluráðgjafi og kennari í 2. bekk hóp nemenda í vikulegri spjaldtölvusmiðju. Áhersla er á að efla tæknifærni, tæknilæsi og samþættingu náms- greina. Nemendur hafa t.d. búið til leikrit, komið sér upp orðaforða, lesið, skrifað og fönðrað, leyst stærðfræðiverkefni og hlustað á sögur í iBooks. Þá hafa þeir búið til myndskreyttar hljóðsögur.

Vissir þú að samkvæmt rannsóknum er skólastarf án aðgreiningar best til þess fallið að auka námsárangur, bæta skólabrag og efla víðsýni?



NÝTT FRÍSTUNDAHEIMILI Í LAUGARDAL

Frá og með áramótum verður starfrækt nýtt frístundaheimili fyrir um 90 börn í 3. og 4. bekk í Laugarnesskóla og Langholtsskóla.

Frístundamiðstöðin Kringlumýri mun skipuleggja starfið og byggja það á góðri reynslu af safnfrístund í Vesturbæ og Breiðholti. Lögð verður áhersla á að koma til móts við getu og þarfir átta og níu ára barna með fjölbreyttu, skemmtilegu og þroskandi frístundastarfi í fallettri náttúru Laugardalsins.

Nýja frístundaheimilið verður í húsnæði borgarinnar að Holtavegi 32 og verður það stækkað og betrubætt.

NEMENDUR SETTIR Í SAMBAND

*Í byrjun árs 2013 fór af stað í Hagaskóla þróunarverkefnið **Spjaldtölvur fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku**. Strax mátti merkja framfarir hjá tvítyngdum nemendum. Einkunnir þeirra hækkuðu umtalsvert og sjálfstraust þeirra í náminu styrktist.*

Í stað þess að taka tvítyngda nemendur út úr kennslustund eða útvega þeim léttara námsefni, má bjóða þeim sams konar viðfangsefni og aðrir fá og að nota spjaldtölvur sem hjálpartæki. Þeir geta nýtt tölvuna til að ná utan um flókin hugtök og notað þar bæði málin jöfnum höndum; íslensku og móðurmálið. Tölvan veitir þeim líka betri tækifæri til að vera í samskiptum við kennara og annað starfsfólk í skóla- og frístundastarfinu. Þá nýtist tölvan vel í talþjálfun þar sem nemendur hlusta á íslenskan framburð og taka upp eigið tal.

Bætir árangur og námsaðstæður

Þeir nemendur sem nota spjaldtölvu hafa í henni aðgang að námsbókum og geta notað forrit sem les pdf-skjöl með þýðingarmöguleikum í gegnum t.d. Wikipediu og Google. Þá nota þeir námsumsjónarkerfið Moodle þar sem kennarar setja inn námsefni, hvort heldur texta, hljóð eða mynd. Í Moodle geta nemendur deilt orða- og hugtakasöfnum, vistað ítarefni, unnið skilaverkefni og gert gagnvirkar æfingar utan kennslustofunnar. Hægt er að nota vefinn á íslensku, dönsku, ensku, norsku, pólsku og sænsku.

SAMÞÆTTING OG SAMSTARF Á NÝJU SVIÐI

Eitt af markmiðunum með stofnun skóla- og frístundasviðs haustið 2011 var að gera sameiginlega stefnumótun fyrir leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvar og auka þverfaglegt samstarf. Mikilvægt er að samstarfið byggji á gagnkvæmu trausti, virðingu fyrir ólíkum gildum, hugmyndafræði og fjölbreyttum aðferðum í uppeldi og menntun.

Í Vesturbæ og Breiðholti hafa verið haldnir starfsdagar með öllu starfsfólki skóla- og frístundasviðs í hverfunum. Verkefnið í Vesturbænum kallast *Vesturbæjarfléttan* og hafa sameiginlegir starfsdagar verið haldnir í tvígang.

Í Breiðholti var gengið enn lengra þar sem allt starfsfólk borgarinnar sem starfar í hverfinu var samankomið á starfsdegi, *Breiðholtsbylgjunni* nú í haust. Samstarfið er einnig gott í öðrum hverfum og er sífellt að aukast.

Fjölbreytt þverfaglegt samstarfsverkefni hafa orðið til í gegnum tíðina. Grunnskólabörn heimsækja gamla leikskólann sinn og elstu leikskólabörnin heimsækja grunnskólana og undirbúa komu sína þangað. Leikskólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar fá afnot af íþróttasölum, tölvuverum og bókasöfnum grunnskólanna, haldnir eru sameiginlegir útivistardagar og hverfishátíðir svo nokkuð sé nefnt.

MEIRA EN STAFIR OG STAUT

Ný læsisstefna leikskóla er tileinkuð Kolbrúnu Vigfúsdóttur, fyrrum þróunarfulltrúa hjá SFS, sem á þessar vísur;

Lesi og skrifa list er góð langar flesta að kunna verða af því vísast fróð og vinum mörgum unna

Fleira en stafi festa má í földum hugans leynum allt sem fagurt er að sjá eins með okkur geymum

Litlum börnum leikur er leiðin best til fræða mörgu góðu safna sér og saman um það ræða

Lesi bæði ljóð og lag líka myndir gæða fræði þau sér færa í hag og frjálst samant ræða

Í leikskólanum læra má lestur margra þátta eigin skilning annars ráð einnig leið til sátta

Læsi er meira en stafa staut og stagl um forsetningar það er lífsins langa þraut að læra um tilfinningar

Við skulum muna, muna vel að margt er ungs manns gaman ungum börnum unun er að eiga leiki saman



ÚTIKENNSLUAPP FYRIR VETTVANGSNÁM

Útikennsluappið kom út á degi íslenskrar náttúru 16. september. Með því má sækja skemmtilegar upplýsingar um náttúru og markverða staði fyrir börn á öllum aldri.

Útikennsluappið er fyrir spjaldtölvur og snjallsíma með námsefni á göngu-leiðum í öllum hverfum borgarinnar. Gefnir eru upp GPS-punktar með áhugaverðum stöðum og námsefni í formi texta og hljóða sem miðar að því að efla útikennslu og umhverfismennt barna.

Meira um útikennsluappið á www.utikennsluapp.is



Börnin í Hofi í ævintýraferð með appið

LESIÐ Í LEIK – NÝ LÆSISSTEFNA LEIKSKÓLA

Í haust kom út læsisstefna fyrir leikskóla borgarinnar **Lesið í leik**. Læsisstefnan er mikilvægt verkfæri fyrir starfsfólk leikskóla við gerð læsisáætlana sem leikskólarnir vinna nú að.

Við undirbúning og gerð læsisstefnu leikskólanna voru kallaðir til sérfræðingar, hvort heldur í læsi í hefðbundnum skilningi eða læsis í víðu samhengi eins og lögð er áhersla á í nýrri aðalnámskrá leikskóla. Leitast er við að sameina þessa þræði í stefnunni en þar segir m.a. að í leikskólum sé „læsi notað í víðu samhengi um margvíslega færniþætti í námi barna og er í stefnunni hugað að því um leið og áhersla er lögð á vinnu með málörvun, ritmál, tjáningu og leik.“

Við gerð læsisstefnunnar var m.a. stofnað til umræðu með leikskólastjórum og leikskólakennurum yngri og eldri barna. Fram komu sterkar óskir um að stefnan væri í senn hagnýt og sett upp á þann hátt að allir leikskólar gætu tileinkað sér hana eða hluta hennar óháð því hversu langt þeir væru komnir í vinnu með mál og læsi. Þá voru kallaðir til ólíkir sérfræðingar um mál og þroska ungra barna.

Til þess að koma til móts við framangreindar óskir setti starfs hópurinn saman „Vörður á leið til læsis“, hugmyndir og leiðarstef fyrir áætlun um læsi í leikskóla. Vörðurnar eru hugmyndir í tíu köflum þar sem fjallað er um þætti máls og læsis, aðgengi að efni við og þekkingu, barnabókmenntir og fleira.

Kynningarfundir verða haldnir um *Lesið í leik* í öllum hverfum borgarinnar og hafa nokkrir fundir nú þegar verið haldnir. Læsisstefna grunnskólanna verður einnig kynnt á þeim fundum. Þá hafa verið auglýstir fjórir fræðslufundir fyrir deildarstjóra og aðstoðarleikskólastjóra um læsi, en fundirnir verða haldnir í nóvember. Læsisstefna leikskólanna er enn ein fjöður í hatt faglegs starfs í leikskólum borgarinnar.

VINSAMLEGT SAMFÉLAG – ÁN EINELTIS

8. nóvember var dagur gegn einelti. Þá var dreift til allra leikskóla- og grunnskólabarna í borginni endurskinsmerki með áletruninni Vinsamlegt samfélag – Við berum öll ábyrgð.



Starfshópur um Vinsamlegt samfélag var stofnaður vorið 2011 í kjölfar kröfu í samfélaginu um auknar forvarnir og inngríp í eineltismál meðal barna. Hlutverk starfshópsins er að efla það starf skóla- og frístundamiðstöðva sem stuðlar að vinsamlegu samfélagi barna og starfsfólks. Vinsamlegt samfélag einkennist af lýðræðislegum vinnubrögðum og mannvirðingu. Einelti er ekki liðið, en ef það kemur upp er tekið skipulega á því í samræmi við eineltisáætlun viðkomandi stofnunar og stefnu borgarinnar.

Starfshópurinn hefur unnið að því að innleiða hugmyndafræði og vinnubrögð vinsamlegs samfélags og auka færni starfsfólks með fræðslu, samræðu, upplýsingum og ráðgjöf. Unnið er í samvinnu við þjónustumiðstöðvar borgarinnar og samtök foreldra. Verkefnið er tengt innleiðingu menntastefnu Evrópuráðsins **Pestalozzi program** um skóla án ofbeldis.

Starfshópurinn hefur staðið fyrir málpingum og fræðslu og sett saman gátlista sem er leiðbeinandi fyrir þá sem vinna að gerð eineltisáætlana á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs. Hann samræmir áætlun um forvarnir, inngríp og eftirfylgd í eineltismálum í öllum hverfum borgarinnar. Gátlistinn var unninn í víðtæku samráði starfsfólks skóla- og frístundasviðs, fulltrúa foreldra og þjónustumiðstöðva.

Gátlistinn er vistaður á Reykjavíkurvefnum.



Jón Gnarr borgarstjóri heimsótti Réttarholtsskóla og dreifði endurskinsmerki með áletruninni Við berum öll ábyrgð

Með réttu viðhorfi og samstilltu átaki er hægt að skapa vinsamlegt samfélag án eineltis.

VENDIKENNSLA – NÝ HUGSUN Í NÁMI OG KENNSLU

Salman Khan (khanacademy.org) hóf fyrir nokkrum árum að vista stutt myndskæði á netinu fyrir ungt frændfólk sitt til að aðstoða það við nám. Þetta þótti gefa svo góða raun í námi að upp spratt ný kennsluaðferð sem gjarnan er nefnd vendikennsla eða spegluð kennsla.

Vendikennsla vísar til þess að kennslunni er snúið við, þannig að innlöggn efnis fer fram utan kennslustofunnar og kennslustundirnar fara í úrvinnslu og verkefni.

Fyrirlestrarnir eða innlögnin eru á vefsíðu skólanna og hægt er að skoða þá oft en einu sinni ef þörf krefur. Þegar nemendur mæta í skólann verja þeir tímanum til að fjalla um efnið, kafa dýpra ofan í það og leita eftir nánari skýringum á því sem þeir náðu ekki í fyrstu tilraun.

Í mars 2011 gangsetti Reykjavíkurborg námskerfi til fjarkennslu, opna hugbúnaðinn Moodle. Nokkrir skólar hafa notfært sér Moodle með margvíslegum hætti. Í framhaldi af umræðum yfirmanna skólaskrifstofa á höfuðborgarsvæðinu hafa nokkrir skólar utan Reykjavíkur fengið aðgang að þessum námsvef. Eins og búið er um hnútana er lítið mál að deila efni á milli skóla og skólaumdæma. Ekkert er því heldur til fyrirstöðu að einn og sami nemandinn sé innritaður í nám í mismunandi skólum eða mismunandi skólaumdæmum.

Hugmyndafræðin að baki Moodle gengur út á að byggja sameiginlega upp þekkingu og gildir þá einu hvort um er að ræða kennara eða nemendur sem vinna að sameiginlegum verkefnum.

Slóðin á námsvef grunnskólanna er: <http://netnam.reykjavik.is>



Áhugi og hvatning foreldra hefur mest áhrif til góðs á nám og líðan barna í skóla- og frístunda-
starfi.

Virk hlutdeild foreldra og gott samstarf þeirra við starfsfólk leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva er grunnur að farsælli skólagöngu.

Á foreldravefnum www.reykjavik.is/foreldrar eru margvíslegar upplýsingar fyrir foreldra um leiðir til að styðja við barnið sitt alla skóla-
gönguna.

**Vissir þú að Reykjavík verður
stöðugt ríkar af börnum?**

**Leikskólabörnum hefur fjölgað
um 400 á síðustu fjórum árum
vegna barnasprengjunnar á
árunum 2009 og 2010**

**Grunnskólabörnum fjölgaði um
nær 300 haustið 2013**

**Börnum á frístundaheimilum
hefur fjölgað um 33% frá árinu
2009**

LIFANDI BARNA– OG UNGLINGAMENNING

Menning og menningarþátttaka barna og ungmenna er mikilvæg í borgarsamfélaginu. Lögð er áhersla á að gera listsköpun þeirra sýnilega í borginni á margvíslegan hátt og að efla samstarf þeirra við listafólk. Þannig hefur borgin jafnan iðað af lífi á Barnamenningarhátíð í apríl þar sem tugir þúsunda barna og ungmenna taka virkan þátt í margvíslegum viðburðum.

Skólar og frístundamiðstöðvar eru í lifandi samstarfi við söfn og leikhús í borginni sem eru með sérstaka dagskrá fyrir börn og unglunga. Sinfóníuhljómsveitin býður upp á skólatónleika, Bíó Paradís stendur fyrir skólasýningum til að efla kvikmyndalæsi og skáld heimsækja börn í skólann svo eitthvað sé nefnt.

Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar vinna með listsköpun og menningu á margvíslegan hátt og í leik- og grunnskólum er unnið með sköpun sem einn af grunnþáttum menntunar. Þeir skólar og frístundaheimili sem sinna menningu og listum af miklum krafti eru hvött til að sækja um **Menningarfánann**, sem er viðurkenning fyrir þá sem skara fram úr á þessu sviði. Sjá [meira um Menningarfánann](#).



BIOPHILIA - ÆKKING TIL FRAMTÍÐAR

Biophilia - verkefni sem fór af stað í grunnskólunum fyrir röskum tveimur árum í samstarfi við tónlistarkonuna Björk Guðmundsdóttur og Háskóla Íslands hefur fengið byr undir báða vængi. Það hefur verið valið eitt af formennskuverkefnum Íslendinga í Norrænu ráðherranefndinni á næsta ári og verður kynnt víðsvegar um Norðurlönd sem framsækin kennslu- og rannsóknaraðferð.

Biophilia þýðir kærleikur til alls þess sem lífsandann dregur. Verkefnið, sem notið hefur mikilla vinsælda, er tilraun til heildrænnar sýnar á tengsl manns og náttúru, tækni og listar. Það felur í sér viðamikil sköpunarverkefni með þátttöku skólabarna,

fræðimanna, kennara og vísindamanna. Markmið verkefnisins er að samþætta á nýstárlegan hátt menntun, menningu, vísindi og nýsköpun þar sem sköpunin er sjálf kennslu- og rannsóknaraðferðin. Auk þess er leitast við að brjóta upp hefðbundið kennsluform með þverfaglegri nálgun á milli aldurshópa, námsgreina og fagsviða.

Biophilia hefur verið í mikilli gerjun síðustu tvö ár en fyrstu tónvísindasmiðjurnar fyrir grunnskólabörn í Reykjavík voru haldnar í Hörpu haustið 2011 í tengslum við tónleika Bjarkar Guðmundsdóttur. Í kjölfarið var hönnuð og útbúið verkfærakista með spjaldtölvum, hinum ýmsu hljóðfærum, tækjum og tölum til að gera náttúrufræðitilraunir og kennsluleiðbeiningum. Nemendur fá í tónvísindasmiðjum tækifæri til að vinna með sérfræðingum á sviði náttúruvísinda, lista og tölvutækni. Þeir fræðast ekki einungis um heimtónfræðinnar, hljóma, tónraðala, takta, bassalínur, forskriftir, strúktúr og skala heldur jafnframt um hulduheima svarthola, kristalla, eldingar, jarðflekka, möndulhalla og erfðaefni. Inni í undraheimi Biophilíu er ekki síst hægt að læra á snertivirkni-forrit (öpp) sem eru fyrstu sinnar tegundar í heiminum og skapa með þeim sínar eigin útsetningar og tónsmíðar.

Íslenskuverðlaun



unga fólksins í
bókmenntaborginni
Reykjavík



Íslenskuverðlaun unga fólksins í bókmenntaborginni Reykjavík eru árlega veitt tugum grunnskólabarna á Degi Íslenskrar tungu, 16. nóvember, sem er fæðingardagur Jónasar Hallgrímssonar. Verndari verðlaunanna er frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands.

Verðlaunin verða afhent við hátíðlega athöfn í Norðurljósasal Hörpu. Þeim er ætlað að efla áhuga nemenda á íslenskri tungu og hvetja þá til framfara á sviði tjáningar, talaðs máls og ritaðs.

Verðlaunin eru veitt nemendum sem hafa náð góðum árangri í íslensku, hvort heldur þeir hafi íslensku að móðurmáli eða sem annað tungumál.

Hver skóli velur einn nemanda eða hóp á hverju skólastigi og tilnefnir til verðlaunanna. Verðlaunagripinn hannaði Ingibjörg Hanna Bjarnadóttir, bókastoð í líki skógarprastar, með áletruðu ljóði Jónasar Hallgrímssonar *Ég bið að heilsa*.

UNGLINGAR OG NETHEIMAR

Netnotkun hjá ungu fólki fer vaxandi enda fer upplýsingaöflun og samskipti þess í ríkara mæli fram á netinu. Félagsmiðstöðvarnar leggja mikla áherslu á fræðslu og upplýsta umræðu við unglunga og að vera þeim fyrirmynd um ábyrga netnotkun. Nú hafa verið gefnar út leiðbeiningar og viðmið um notkun samskiptamiðla.

Með nýjum leiðbeiningum er stefnt að því að félagsmiðstöðvarnar nýti samskiptamiðlana á uppbyggilegan hátt og hvetji unglunga til skynsamlegrar netnotkunar.

Í leiðbeiningunum er farið yfir helstu mál sem tengjast notkun vefmiðla og gerð grein fyrir viðmiðum, öryggisstillingum og öðru sem nýst getur félagsmiðstöðvum.



MINNA SKUTL – MEIRI SAMFELLA

Reykjavíkurborg hefur síðan árið 2010 verið í samstarfi við hverfisíþróttafélögin í borginni um svokallaðan frístundaakstur. Hugmyndin er að íþróttafélagið sjái um að flytja börnin á æfingar í hverfinu í þeim tilfellum sem íþróttæfingar fyrir börn í 1. og 2. bekk eru fyrir kl. 16:30 á daginn, en foreldrar sækja síðan börnin að æfingu lokinni.

Alla jafna geta íþróttafélögin óskað eftir að foreldrar greiði það sem samsvarar strætókostnaði fyrir farið. Aksturinn má nýta fyrir börn í 3. og 4. bekk ef tíminn hentar og ef pláss er í rútunni. Annars er gert ráð fyrir að börn í 3. bekk og eldri fái leiðsögn í því að koma sér sjálf á milli staða, t.d. með því að taka strætó. Íþróttafélögin hafa jafnframt verið hvött til að stilla af æfingatíma með tilliti til strætóferða.

Á heildina litið hefur frístundaaksturinn gengið vel og hefur hann haft marga góða hluti í för með sér eins og aukna þátttöku, betra aðgengi, jafnari þátttöku milli íþróttagreina, aukna samfellu og betri nýtingu á mann-virkjum.

Fréttabréfið er gefið út af skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
s. 411 1111
www.skolarogfristund.is
sfs@reykjavik.is